

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag Vestmannaeyja Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	5.2.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag Vestmannaeyja	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Strandvegi 29	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660169-1219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Páll Scheving	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	436690,981 326978,971

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu fram í eftirlitinu. Athugasemd er gerð við að frárennisskýrslan fyrir árið 2012 var ófullnægjandi.

### UMFANG EFTIRLITS

Megináhersla eftirlits var lögð á fráveitu, farið yfir skil og frávik mælinga. Farið var yfir hvernig framkvæma eigi frárennismælingar og bent á nýútkomnar leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun. Farið var yfir ákvæði í gr. 3.9 þar sem tafla sem sýnir losunarmörk og hvaða atriði þurfi að koma fram í niðurstöðum í frárennisskýrslum. Minnt var á að skv. bréfi Umhverfisstofnunar dags. 22. janúar 2013 var óskað eftir því að mælingar bærust Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert.

Skýrsla yfir frárennismælingar á síðasta ári barst Umhverfisstofnun en ekki var rétt að mælingunum staðið þar sem bæði vantaði hráefnismagn og rennismagn í skýrsluna. Að sögn verksmiðjustjóra hefur verksmiðjunni borist tilboð í gerð frárennismælinga á þessu ári og verða þær gerðar fljótlega.

Á fundi með verksmiðjustjóra var gengið úr skugga um að starfsleyfi fyrirtækisins væri til staðar á starfsstöðinni.

Farið var yfir ýmis atriði í starfsleyfi. Farið var yfir ákvæði í gr. 1.5 um að láta Umhverfisstofnun vita þegar verksmiðjan er gangsett eftir meira en mánaðar stopp. Verksmiðjustjóri sagði að það kæmi varla fyrir að verksmiðjan væri svo lengi stopp í einu. Ennig var spurt út í hvort verksmiðjan ynni úr fiskúrgangi sbr. gr. 2.5. Verksmiðjustjóri sagði verksmiðjuna aðeins vinna úr gæðahráefni þar sem hún framleiðir eingöngu gæðamjöl.

TVN skýrslum fyrir árið 2012 var skilað til Umhverfisstofnunar. Grænt bókhald hafði einnig borist Umhverfisstofnun.

Í síðustu eftirlitsskýrslu var eitt frávik frá starfsleyfi þar sem fyrirtækið skilaði engum TVN skýrslum fyrir árið 2011. Búið er að bæta úr því.

Spurt var út í olíubrennslu fyrirtækisins og hvort notuð væri úrgangsolía. Eingöngu er notuð svartolía 380 og sýndu nótur sem eftirlitsaðili fór yfir að svo var. Einnig var spurt út í magntölur fyrir síðast ár og birgðastöðu. Fram kom að verksmiðjan er ekki með neitt birgðahald á olíu heldur greiða þeir skv. mæli beint frá birgja.

Verksmiðjan var í gangi og farið var í eftirlit um verksmiðjuna og hún skoðuð og endað á að skoða nýtt og stórt hreinsivirki sem verið er að klára að reisa. Hreinsivirkið tekur við öllu frárennsli bæði frá fiskvinnslu og frá bræðslu Ísfélagsins.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að frárennisskýrslan sem barst Umhverfisstofnun var ófullnægjandi þar sem bæði vantaði rennismagn og hráefnismagn yfir þann tíma sem mælingar voru gerðar.

## ANNAÐ

Minnt var á að núverandi starfsleyfi rennur út 1. febrúar 2014 og hvatt til að sótt verði um nýtt starfsleyfi sem fyrst.

Reykjavík, 26.02.2013



Ólafur Kristinn Tryggvason

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.